

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgar- 37 stjórans í Reykjavík, um endurgreiðslu fátækrastyrks. 30. júní

Sýslumanninum í Rangárvallasýslu hefir í dag verið skrifað á þessa leið:

Borgarstjóri Reykjavíkur hefir með brjefi dags. 31. f. m. skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 25. mars þ. á., sem ákveður að Holtahreppur skuli laus við að endurgreiða Reykjavíkurbæ 300 kr., sem er $\frac{1}{3}$ hluti af fátækrastyrk veittum Markúsi Árnasyni til framfæriss fjölskyldu hans á tímabilinu frá 1. nóv. 1921 til 2. maí 1922.

Fyrir 24. okt. 1921 hafði fjölskyldu þurfalingsins einni verið lagt úr fátækra sjóði Reykjavíkur 362 kr., auk styrks þess er þurfalingurinn hafði þegið persónulega. Bersýnilegt var það og að fjölskyldan þurfti stöðugs styrks með þann komandi vetur. Í brjefi borgarstjórans til yðar, dags. 24. okt. 1921 segir svo: „að þurfi fjölskylda þessi meiri styrk hjer framvegis, mun jeg krefja hreppinn um fulla endurgreiðslu.“ Dvalarsveitin hafði skýlausan rjett til að losna við alla byrgði af veru fjölskyldunnar og í hinum tilvitnuðu orðum borgarstjórans er því fólgin aðvörun til framfærissveitarinnar um að taka ákvörðun um framfæriss fjölskyldunnar framvegis eða frá 1. nóvember, hvort heldur með því að láta flytja hana á framfærissveitina eða á annan hátt. Þetta var bæði eðlilegt og ekki að ófyrirsynju, þar sem ekki var um flutning sjálfs þurfamannsins að ræða, er lá á Vífilstaðahæli, og voru þannig fyrir hendi ástæður þær er lög nr. 33, 20. okt. 1913 gera ráð fyrir, því að þar skiftir það ekki máli hvort þurfalingurinn er sjúkur á heimili sínu eða utan þess. Heimili þurfalingsins stóð í Reykjavík og það heyrði undir framfærissveitina að taka ákvörðun um, hvort það skyldi, eftir því sem sakir stóðu, leyst upp og fjölskylda hans flutt. Tilkynningu borgarstjóra í brjefinu 24. okt. verður því að telja lögmæta og rjettilega framkomna viðvörun til framfærissveitarinnar og öldungis hliðstæða beinni kröfu um flutning þurfamanns þar sem honum verður beitt. Neitun framfærissveitarinnar um að endurgreiða einnig umræddar 300 kr. hefir því ekki við rök að styðjast

Tilvitnuðu atriði í brjefinu frá 24. okt. 1921 og brjefum borgarstjóra frá 19. des. s. á., 2. febr., 6. mars og 15. maí 1922 sinnir oddviti Holtahrepps ekki fyr en 26. okt. 1922 og er þetta hirðuleysi mjög vítavert. Borgarstjórinn beiðist úrskurðar yðar um ágreininginn 8. nóv. 1922 og endurnýjar þá kröfu í brjefi 13. jan. og 12. febr. 1923, en þjer kveðið fyrst upp úrskurð yðar 25. mars þ. á. Þessi dráttur af yðar hálfu er og á engan veg eftir skjölum málsins rjettlættur.

Því úrskurðast: Holtahreppi ber að endurgreiða Reykjavíkurbæ ofanefndar 300 krónur.

37
30. júní að annast um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og ber yður

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð til vitundar gefið.

38
5. júlí

**Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til landlæknis,
um flutning læknisbústaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra landlæknir, og með ráði sýslunefndanna í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, ákveður ráðuneytið hjermeð, að hjer-aðslæknirinn í Hróarstunguhjæraði skuli sitja á Hjaltastað.

39
22. júlí

**Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins
í Eyjafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Grund að Hrafnagili, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði jafnan á hinum nýja stað hæfilegt hús til þinghaldanna,